

Skógarvörður undæmisins:

GARÐAR JÓNSSON.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1950.

SUDURLANDSUMDAMI:

Tumastaðir í Fljótshlíð.

## GIRÐINGAR, FRIDUN & VIÐHALD GIRÐINGA:

Sett var upp girðing á Þveráraura innan við Múlakot, 100 x 100 m. 6 þættur gaddavír, járnstólpar. Á Þórsmörk, Skarfanosi og Þjórsárdal var girðingum haldið við eins og venjulega.

## GRÆÐIREITUR:

Í græðireitinn á Tumastöðum var ekið 300 bílum af sandi. Áburður fór í reitinn sem hér segir: 700 kg köfnunarefni, 600 kg kalí, 200 kg foska og 10.000 kg húsdýraáburður.- Haldið var áfram með aðalskjólbelti og í þau plantað 2000 stk. birki. Í milliskjólbelti var plantað 250 stk. sólber, 220 stk. ribs og 70 stk. alaskaösp.- Það land af græðireitnum, sem ekki var notað, en verður væntanlega notað á næstu árum, var haldið opnu og það herfað öðru hveru allt sumarið.

### Sáning í græðireitinn:

○ Skógarfura	4.4 kg.	114 m <sup>2</sup>	( Innhavet Hamaröy. )
Skógarfura	0.8 -	16 -	( Havet Troms. )
Sib. lerki	0.5 -	11 -	( Hakaskoja. )
Rauðgreni	0.8 -	30 -	( Rana. )
Sitkagreni	2.4 -	40 -	( Pakenham. )
Birki	1.6 -	40 -	8 Bæjarstaður. )

### Sáning í gróðurhúsið:

Sitkagreni	2.0 -	14.0	( Pakenham. )
Birki	0.7 -	14.0	( Rognan. )

### Sáning í græðireitinn í Múlakoti:

Askur	2.6 kg.	25.m <sup>2</sup>	( Leksvik, Nörd-Trondel. )
Hlynur	1.0 -	9.-	( Vang pr. Hamar. )
Reynir	50.0 -	50.-	( Múlakot, Barkast. )

## DREIFPLÖNTUN:

Sitkagreni	1/0	500.000	stk.	60.000
Skógarfura	3/0	40.000	-	1.000
Lerki	1/0	27.000	-	10.000
Skógarfura	2/0	4.000	-	1.000
Reynir	2/0	2.000	-	750
Alaskaösp & stíkl. )		6.000	-	
Ribs ( stíkl. )		5.000	-	
Sólber ( stíkl. )		2.000	-	
Þingvíðir ( stíkl. )		1.500	-	
Aðrar plöntur		5.000	-	
	Samtals	592.500	stk.	

SELDAR & AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	2755
Skógarfura	8000
Sitkagreni	1225
Sitkagreni 1/2	18000
Reynir	3127
Rauðgreni	
Víðir	1628
Ribs	420
Sólber	210
Alaskaösp	316
Abies-Lacloc.	865
Aðrar pl.	1219

PLÖNTUR TIL SÖLU & AFHENDINGAR VORIÐ 1951.

Skógarfura	2/0	72.000	stk.	
Sitkagreni	2/2	20.000	-	
Skógarfura	3/1	33.600	-	
Alaskaösp	1/0	4.000	-	
Reynir	2/2	2.300	-	
Lerki	1/2	385	-	( Syrach-Larsen. )
Sólber	1/1	920	-	( Smá. )
Spirea Dougl.		700	-	( Hnauspl. )
Caragana	1/0	600	-	
Aðrar plöntur		2.000	-	
Pingvíðir	1/0	760	-	
	Samtals	<u>137.265</u>	stk.	

TIL DREIFPLÖNTUNAR NÆSTA VOR: ( Áætlað. )

Fura	2/0	100.000	stk.	
Sitkagreni	1/0	50.000	-	
Birki	1/0	15.000	-	
Reynir	2/0	5.000	-	
Lerki	1/0	20.000	-	
Rauðgreni	2/0	50.000	-	
Græðlingar		<u>50.000</u>	-	( Alaskaösp, ribs og víðir )
	Samtals	<u>290.000</u>	-	

GRÓÐURSETNING & SÁNING:

Dagana 3. Og 4. júní var 30 manna hópur frá Rangæinga-félaginu í R.vík. austur í Skarfanesi að planta. Plantað var 6100 stk. furu 2/2 uppaldri í Múlakoti og 4000 stk furur 3/0 frá Fagerlidal. Einnig var plantað þar af plöntum frá skógræktinni 1000 stk. rauðgreni 2/2 frá Fagerlidal.- Plantað var í brekkuna á Tumastöðum norð-austur af bænum 1100 stk sitkagreni 2/2 frá Pakenham og 740 stk. Abies-Laclocarpa 2/2/2 frá Colorado.- Í græðireitinn í Múlakoti var plantað til frambúðar 125 stk. laclocarpa og 126 stk. alaskaösp 1/0.

## BYGGINGAR:

Lokið var við verkamannabústað á Tumastöðum. Húsið var var múrhúðað ( pússað ) bæði að innan og utan, eldhús inn-  
réttað, rúmstæði sett í svefnherbergi, raflögn lögð í húsið  
og málað bæði utan og innan. Nú er húsið fullbúið og rúmar  
30 manns.- Fjós, hlaða og kælihus var byggt allt undir sama  
paki. Lokið var við 4 kúa fjós og hlöðu, en eftir er að ein-  
angra og ganga frá kælihusi.

## FERÐALÖG:

Dagana 1.-4. júní var ég við plöntun í Skarfanesi. 11.-  
13. júlí fór ég austur að Kirkjubæjarklaustri. Í brekkunni  
upp af bænum er orðið vel mannhæðar hátt birki, þar er einnig  
farið að planta furu, sitkagreni og rauðgreni í skóli við  
birkið.- 28.-29. júlí fór ég eftirlitsferð um Þjórsárdal, einnig  
var ég þar 20.-22. september ásamt skógræktarstjóra.- 4 ferðir  
fór ég á Þórsmörk til eftirlits og viðgerða á girðingunni.  
Stuttar ferðir fór ég hér um nágrenið til leiðbeiningar um gróð-  
ursetningu o. fl.